

**Frá:** Hallur Páll Jónsson <[hallur@bhm.is](mailto:hallur@bhm.is)>

**Sent:** fimmtudagur, 9. ágúst 2018 09:26

**Efni:** Varðar borgarráð og héraðsdómsmál.

**Eyþór Laxdal Arnalds**  
**Kolbrún Baldursdóttir**  
**Sanna Magdalena Mörtudóttir**  
**Vigdís Hauksdóttir**

Ágætu borgarfulltrúar

Niðurstaða dómsins er áfellingdómur yfir stjórnunarháttum í Ráðhúsi Reykjavíkur og stjórnarsýslu borgarinnar.

Því miður virðist dómurinn og dæmdar skaðabætur vegna ærumeiðandi framgöngu, ekki hafa haft þau áhrif að skrifstofa borgarstjóra og borgarritara ætli að læra af honum. Þvert á móti á að halda áfram aðför að fjármálastjóra Ráðhúss, í stað þess að láta kyrrt liggja og biðja viðkomandi afsökunar á málinu öllu. Því tel ég mér skylt að upplýsa ykkur um eftirfarandi:

Borgarritari hefur orðið við nýlegri beiðni síns undirmanns, skrifstofustjóra borgarstjóra, að halda áfram svokallaðri rannsókn á meintu einelti skrifstofustjórans í garð fjármálastjórans, þrátt fyrir að fjármálastjórinn hafi ekki óskað eftir því og aldrei lagt fram kvörtun eða kæru um slíkt, eins og fram kom í réttarhöldum fyrir Héraðsdómi. Hann getur þar með ekki verið aðili slíks stjórnarsýslumáls. Engu að síður hafa tveir starfsmenn eineltisteymis Skóla- og frístundasviðs verið fengnir að forgöngu borgarritara til að rannsaka málið og er fjármálastjóranum gert, þvert gegn vilja sínum, að mæta á fundi vegna þessa. Hér er sem sagt áfram haldið máli sem þó er búið að dæma í, með afdráttarlausum orðum dómara um framkomu skrifstofustjóra í garð undirmanns. Rétt er að taka einnig fram að í greinargerð Reykjavíkurborgar í umræddu dómsmáli var sérstaklega á því byggt, að þar sem fjármálastjórinn hefði ekki lagt fram eineltiskvörtun þá væru ekki forsendur til þess að bregðast sérstaklega við, eftir atvikum með að virkja eineltisáætlun. Engar nýjar upplýsingar hafa komið fram í málinu, síðan greinargerð þessi var samin, sem kalla á að brugðist sé við með öðrum hætti nú. Hugur hefur augljóslega ekki fylgt máli í þessari yfirlýsingu Reykjavíkurborgar fyrir dómi. Fjármálastjóri ráðhúss taldi eins og fleiri að þessu leiðindamáli væri lokið og hann gæti um frjáls höfuð strokið og sinnt sínum störfum fyrir Reykjavíkurborg eins og hann hefur gert með sóma undanfarin rúm 12 ár. Borgarritari og skrifstofustjóri hans virðast hins vegar ekki af baki dottnir, þrátt fyrir nýfallinn dóm Héraðsdóms og hafa nú tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið, eins og að framan segir.

Það er raunar fordæmalaust að skrifa þurfi borgarfulltrúum bréf til að upplýsa um stjórnunarvanda í Ráðhúsi Reykjavíkur og áframhaldandi aðför að starfsmanni þar, en þá er þess að geta að eitt af verkefnum borgarráðs er að hafa „*umsjón með stjórnarsýslu borgarinnar*“, eins og segir í 46.gr. samþykktu um stjórn Reykjavíkurborgar, auk þess að „*ráða starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg og veita þeim lausn frá störfum*“, eins og segir í 73.gr. samþykktanna. Þetta kann því vera rétta leiðin til að hafa áhrif á að umræddir stjórnendur í Ráðhúsi Reykjavíkur dragi réttan lærdóm af niðurstöðu Héraðsdóms og láti af ámælisverðri háttsemi sinni.

Með góðri kveðju,

Hallur Páll Jónsson  
Framkvæmdastjóri KVH  
Borgartúni 6, 105 Reykjavík  
Sími: 595 5140  
Netfang: [hallur@bhm.is](mailto:hallur@bhm.is)  
Vefsíða: [www.kjarafelagvh.is](http://www.kjarafelagvh.is)

